

Að vera, eða vera ekki- hjúkrunarfræðingur



Inga Dagný Eydal

Deild hjúkrunarfræðinga við Eyjafjörð er hluti af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem á 100 ára afmæli í ár. Af þessu tilefni hafa hinir ýmsu hjúkrunarfræðingar í Eyjafirði skrifað greinar sem fjalla um þá og þau fjölbreyttu störf sem þeir inna af hendi í samfélaginu okkar.

Ég hóf nám í hjúkrunarfræði 29 ára gömul og lauk námi árið 1996 frá Háskólanum á Akureyri. Ástæður þess að ég hóf ekki nám fyrr voru margar, ég eignaðist barn 22ja ára gömul eins og algengt var þá og mér fannst góður tímapunktur að við mæðgin notuðum tækifærið og færum bæði í skóla, hann að hefja sína grunnskólagöngu og ég háskólanám. Eftir á að hyggja var hið besta mál að læra fag eins og hjúkrun, orðin þetta fullorðin,- það hjálpaði bæði hugarfarslega og námslega og mér fannst námið frábærlega skemmtilegt. Mér fannst og finnst enn vera forréttindi að hafa lært hjúkrun og fengið að starfa með stórum hópi fólks á mikilvægum stundum í lífi þeirra, bæði í gleði og sorg.

Þetta starf er í senn fræðigrein sem byggist á rannsóknum á því hverskonar umönnun skilar bestum og mestum árangri en snýst líka um mannlega eiginleika og það að mæta fólki þar sem það er statt. Sköpunargáfa, innsæi og hugmyndaflug eru þannig kostir sem skipta miklu máli.

Ég hafði auðvitað sem barn lesið allar bækurnar um fallegu hjúkrunarkonurnar með kappa og slá sem svifu um ganga og líknuðu þreyttum og þjáðum- óþreytandi í skjannahvítum búningi og alltaf með svarsvar hendur. Allar konurnar með lampana.

Raunveruleikinn var auðvitað öðruvísi....hráki, hægðaprufur, veikindi og dauði sem ekki einu sinni svarsvar hendur fengu afstýrt. Klossar og þreyttir fætur og endalaust annríki, -og lág laun. Yfirleitt ekki lampar, frekar suðandi flúorljós sem gáfu langvarandi höfuðverki. En samt var starfið stórkostlegt og nálægðin við sjúklingana var bónusinn sem allt bætti upp.

Hjúkrun varð mér endalaus uppspretta af ánægju, hún sameinaði allt sem mér fannst áhugavert. Ég lærði smám saman á velferðarkerfið og hvernig það virkar, lærði um stjórnmálaöflin sem standa á bak við heilbrigðiskerfið, og lærði ýmislegt um það sem skapar fólki hamingju og vellíðan jafnvel í veikindum. Ég naut þess líka að kenna það sem ég lærði og ég fékk sannarlega að berjast fyrir því sem mér fannst réttlátt og eðlilegt í málefnum sjúkra og aldraðra. Og einstaka sinnum bar baráttan einhvern árangur sem gerði allt þess virði.

En hjúkrun tekur toll af hverri manneskju sem stundar starfið sitt af áhuga og væntumþykju og geri maður það ekki þá er maður ekki góður hjúkrunarfræðingur. Því má segja að það geti verið dýru verði keypt að velja sér hjúkrun að ævistarfi eins og reyndar gildir almennt um störf sem snúast að því að annast, aðstoða og kenna öðru fólki.

Í dag stunda ég ekki fasta vinnu sökum heilsubreysts en að sjálfsögðu verð ég alltaf hjúkrunarfræðingur og er innilega þakklát fyrir þá reynslu sem starfið hefur gefið mér.

Því miður hafa aðstæður við vinnu, laun, viðhorf til hjúkrunarfræðinga og fjárhagslegur samdráttur haft áhrif á starfsvettvanginn okkar og í dag horfum við fram á alvarlega stöðu innan heilbrigðiskerfisins m.a. vegna mikils skorts á hjúkrunarfræðingum.

Fjölmarginir hjúkrunarfræðingar starfa við annað í dag og margir þeirra hafa gefist upp á erfiðri vaktavinnu. Baráttan fyrir betri launum hefur verið erfið og oft árangurslítil. Gleymist þá gjarnan að þeir eru með fjögurra ára háskólanám að lágmarki og þeir bera mikla ábyrgð. Þeir eru ekki aðstoðar- eða undirmenn lækna en starfa við hlið þeirra og bera fulla ábyrgð á sínum störfum. Í heilbrigðiskerfinu gegnir hver stétt sínu skilgreinda hlutverki og allir hlekkir í þeirri keðju þurfa að vera sterkir, aðeins þannig getur kerfið gegnt sínu hlutverki.

Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir að ímynd hjúkrunarfræðinga eigi undir högg að sækja að mörgu leyti, þá er enn eftirspurn eftir námi í hjúkrunarfræði. Því miður býr greinin við fjöldatakmarkanir í báðum háskólum og því komast færri að en vilja.

Komið hafa upp hugmyndir um að auka flæði hjúkrunarfræðinga út á starfsvettvanginn með styttra námi en þá væri sannarlega gefinn afsláttur á þeirri þjónustu sem æskileg er í heilbrigðismálum.

Ég myndi vilja sjá störfin okkar metin að verðleikum, laun í samræmi við góða menntun og þannig getur greinin dregið að ungt og kraftmikið fólk af öllum kynjum.

Látum ekki deigan síga, starfið okkar er bæði frábært og gefandi og ég er í það minnsta þakklát fyrir að fullt af frábærum hjúkrunarfræðingum starfa enn þann dag í dag á heilbrigðisstofnunum. Án þeirra vildi enginn vera.